


Miðpróf tónfræðagreina vorið 2012
Tölfræðileg úrvinnsla

Vorið 2012 þreyttu 192 nemendur miðpróf tónfræðagreina. Þar af stóðust 189 nemendur (98,4% prótaka) próf en þrír nemendur (1,6% próftaka) náðu ekki tilskilinni lágmarkseinkunn (6,0). Meðaleinkunn á landsvísu var 8,02. Hæsta einkunn var 9,7 og lægsta einkunn 4,4. Mynd 1 sýnir einkunnadreifingu nemenda sem þreyttu prófið.

Miðpróf tónfræðagreina 2012
Dreifing einkunna




Mynd 1: Miðpróf tónfræðagreina 2012. Einkunnadreifing nemenda sem þreyttu prófið.

Á vitnisburðarblöðum nemenda er heildareinkunn sundurliðuð í fimm þætti: (i) skrifleg tónheyrn, (ii) hlustun, greining og saga, (iii) tónfræðileg þekkingaratriði, (iv) munnlegt próf og (v) valverkefni, og vegur hver um sig 20 einingar af heildareinkunn (prófið er alls 100 einingar). Meðaleinkunn nemenda í einstökum þáttum prófsins er sýnd í töflu 1 og á mynd 2. Einnig er meðaltal heildareinkunnar sýnt á sama hátt.

Tafla 1: Miðpróf tónfræðagreina 2012. Meðaleinkunn einstakra prófþátta og meðaltal heildareinkunnar.

	Allt landið (hámark 20 einingar)
Skrifleg tónheyrn	15,36
Hlustun, greining og saga	15,22
Tónfræðileg þekkingaratriði	17,26
Munnlegt próf	14,58
Valverkefni	17,79
Heildareinkunn	8,02

Miðpróf tónfræðagreina 2012
Meðaleinkunn einstakra prófþátta á landsvísu



Mynd 2: Miðpróf tónfræðagreina 2012. Meðaleinkunn einstakra prófþátta og meðaltal heildareinkunnar. Allir fimm þættir prófsins veга jafnt í heildareinkunn.